

Bekkur: 7. bekkur

Námsgrein: Lykilhæfni

Kennarar: Einar S. Sigurðsson og Linda Björk Ólafsdóttir

Tímafjöldi: Samþættist öðrum námsgreinum



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Allt námsefni vetrarins, uppeldi til ábyrgðar, samstarf og samvinna, umræður og bekkjarfundir.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Tjáning og miðlun	Að nemandi: - geti tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum. - geti hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. - geti tekið mið af og lagað framsetningu að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni. - geti gert grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni.	Samþætting	Símat
Skapandi og gagnrýnin hugsun	- geti spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna. - geti skilgreint viðmið um árangur. - geti lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt. - geti áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum. - geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.	Samþætting	Símat
Sjálfstæði og samvinna	- geti unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. - geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.	Samþætting	Símat
Nýting miðla og upplýsinga	- geti notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám. - geti notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.	Samþætting	Símat

	• geti sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.		
Ábyrgð og mat á eigin námi	• geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi. • geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. • geti skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.	Samþætting	Símat
Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D			